



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um laganefnd

ÍSS er aðili að Alþjóðaskautasambandinu (ISU) og Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí). Þar sem lög og reglugerðir ÍSS ná ekki yfir einstök málefni eða efnisflokka ráða reglur ISU og/eða ÍSí eftir því sem við á.

Laganefnd er nefnd á vegum ÍSS skipuð af stjórn ÍSS í framhaldi af skautaþingi til tveggja ára. Nefndarmenn eru þrír og er formaður valinn sérstaklega.

Nefndin vinnur að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS til samræmingar og/eða leiðréttingar. Laganefnd skal einnig sjá um að semja tillögur til laga- og/eða reglugerðabreytinga.

Allar tillögur að reglugerðarbreytingum skulu rökstuddar og lagðar fyrir stjórn til endanlegrar umfjöllunar.

Laganefnd getur, ef ástæða er til, skilað álitum um einstakar og augljósar villur í lögum sem gætu orðið tilefni til deilna eða mistúlkunar.

Nefndin skal skila álitserð og tillögum að lagabreytingum til stjórnar ÍSS fjórum vikum fyrir skautaþing.